



Alþingi  
Nefndasvið – Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

LHG/099/9,6/DS/sig  
Reykjavík 8. desember 2010.

## Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál.

### 1. Almenn

Landhelgisgæslan sendi umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt sem flutt var á síðasta löggjafarþingi og svo virðist sem tekið hafi verið tillit til athugasemda Landhelgisgæslunnar í frumvarpinu eins og það er lagt fram nú.

Ýmsar stofnanir geta haft áhrif á skipulag strandsvæða og hafsvæðis næst landi án þess að nokkuð samráð sé á milli þeirra. Landhelgisgæslan fagnar því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur stofnað nefnd sem hefur það hlutverk að gera úttekt á lögum og reglum sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni. Nefndin á jafnframt að kanna hvort þörf sé á skýrari reglum um þessi mál og hvort ástæða sé til að setja löggjöf um skipulag strandsvæða.

Í ljósi þessa væri að mati Landhelgisgæslunnar æskilegt að ein og sama stofnunin, t.d. Fiskistofa, veitti leyfi bæði til fiskeldis og skeldýraræktunar og að sú stofnun hefði yfirsýn yfir allan slíkan búnað.

### 2. Eftirlit á sjó – 4. gr. frumvarpsins.

Landhelgisgæslan fer með almenna löggæslu á hafinu, m.a. fiskveiðieftirlit og bregst við ef um siglingahættu er að ræða. Einnig sér Landhelgisgæslan um að senda tilkynningar til sjófarenda m.a. um staðsetningu eldisbúnaðar og fl. Í frumvarpinu er hvergi minnst á að Landhelgisgæslan hefur eftirlit með þessari starfsemi úti á sjó. Í því felst að kanna hvort leyfi er fyrir eldisbúnaði, hvort hann veldur siglingahættu og hvort eldisbúnaður er nægilega merktur svo að sjófarendur geti varað sig á honum. Í ljósi þessa væri rétt að bæta eftirfarandi setningu aftast í 4. gr. frumvarpsins: *Landhelgisgæslan annast eftirlit með eldis- og ræktunarbúnaði á sjó.*

### 3. Reglugerðarheimild í 17. gr. - umsagnaraðilar

Landhelgisgæslan telur að það yrði til bóta ef Landhelgisgæslu Íslands yrði bætt í hóp stofnana sem leita skal umsagnar hjá eftir því sem við á í 17. gr. frumvarpsins.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands

  
Dagmar Sigurðardóttir  
lögfræðingur.